

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgartúni 21, þann 30. október 2014.

Mættir voru frá LSS, Sverrir Björn Björnsson, Sveinbjörn Berentsson og Steinþór Darri Þorsteinsson frá SNS: Inga Rún Ólafsdóttir, Atli Atlason og Sólveig B. Gunnarsdóttir ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

**1. Gildistími kjarasamnings frá 2011**

Með kjarasamningi dags. 29. maí 2011 var samið um framlengingu kjarasamnings til 30. september 2014. Með bókun í samstarfsnefnd LSS þann 13. mars 2013, var samið um styttingu samningstíma um tvo mánuði. Þrátt fyrir þetta eru aðilar sammála um að nýr kjarasamningur aðila dags. 30. október 2014 taki gildi frá og með 1. maí 2014.

**2. Röðun slökkviliðsstjóra og aðstoðarslökkviliðsstjóra**

Aðilar eru sammála um að á gildistíma kjarasamnings sem undirritaður var 30. október 2014 verði röðun slökkviliðsstjóra og aðstoðarslökkviliðsstjóra óbreytt og utan starfsmats, þó þannig að frá 1. maí 2014 hækka þau um 7,5%.

Um röðun nýrra starfsmanna í starfsheitin slökkviliðstjóri og aðstoðarslökkviliðsstjóri fer eftir ákvörðun samstarfsnefndar sem hefur til viðmiðunar launaröðun frá því fyrir gildistöku starfsmats.

Aðilar eru sammála um að beina þeim tilmælum til sveitarfélaga að jafnræðis verið gætt í launum þeirra starfsmanna sem vinna sömu og/eða sambærileg störf innan sveitarfélags, óháð stéttarfélagsaðild.

### **3. Túlkun á ákvæði 3.4 á þeim vinnustöðum sem hafa 12 klst. vaktafyrirkomulag.**

Á þeim vinnustöðum þar sem samið hefur verið skv. heimild í grein 2.6.5 sbr. grein 2.1.2 að vaktir séu 12 klst. eru aðilar sammála um að starfsmenn á næturvakt (kl. 19:30 –kl. 07:30) sem ekki hafa aðgang að mötuneyti eigi rétt til greiðslu fæðispeninga skv. gr. 3.4.4.

### **4. Endurmat tiltekinna starfa.**

Aðilar eru sammála um að endur matsbeiðnir vegna eftirtalinna starfa: Deildarstjóri, Varðstjóri og Verkefnisstjóri sem móttæknar voru með fullnægjandi gögnum 20. júní 2013 gildi einnig um eftirfarandi störf: Eldvarnareftirlit og Aðalvarðstjóri, á öllum svæðum.

Niðurstöður endur mats vegna þessara starfa gilda því frá 20. júní 2013

Aðilar eru sammála um að beita sér fyrir því að ofangreint endurmat verði sett í forgang með það að markmiði að því verði lokið fyrir 1. febrúar 2015, enda liggi öll gögn fyrir frá slökkviliðum.

### **5. Málefni sem vísað er til frekari umræðu í samstarfsnefnd**

- a) Boðtækjagreiðslur
- b) Útköll og æfingar út fyrir starfssvæði

### **6. Greiðsla fyrir bakvaktir**

Samstarfsnefnd ítrekar að um greiðslur fyrir bakvaktir fer eftir ákvæðum greinar 2.5 í kjarasamningi aðila.

### **7. Hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn**

Um hlutastarfandi sjúkraflutningamenn gilda ákvæði greinar 14.2 í kjarasamningi aðila.

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**

